

- 72** niður slor, hausa og fiskúrgang innan landhelgi fyrir landi fjögra nyrstu hreppa
2. sept. Strandasýslu.

2. gr.

Það skal bannað, að láta lóðir liggja að nauðsynjalausu að næturlagi fyrir innan línu, sem dregin er frá Malarhorni á Selströnd í Hvalsárhöfða í Kirkjubólshreppi.

3. gr.

Eftirlit með því, að samþykkt þessari sje hlýtt, skal falið einum formanni þeirra, er róa frá eftirtöldum verstöðvum: Gjögri, Kúvíkum, Eyjum, Drangnesi, Kirkjubóli og Smáhömrum. Semja hlutaðeigandi sveitarstjórnir við eftirlitsmennina um þóknun fyrir eftirlitið, enda greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. þessarar samþyktrar varða sektum frá 100—500 kr. eftir málavöxtum. Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 10—100 kr.

Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem næstur er vettvangi. Þó skal þriðjungur þeirra ganga til uppljóstrarmanns.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. september 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

73

2. sept.

SAMÞYKKT

um

lendingarsjóð í Eyrarbakkaveiðistöð.

1. gr.

Af vjelbátum, er leggja afla á land á Eyrarbakka, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ af brúttóafla, en $\frac{1}{4}\%$ af brúttóafla róðrabáta.

2. gr.

73

2. sept.

Fiskifjelagsdeildin á Eyrarbakka kýs ár hvert þrjá menn í lendingarsjóðsnefnd, sem hefir á hendi umsjón með leiðum, merkjum og lendingu veiðistöðvarinnar, og vinnur hún kauplaust.

3. gr.

Í hver vertíðarlok semur lendingarsjóðsnefndin skrá yfir báta þá, sem lagt hafa afla á land og ákveður, hvað hverjum beri að greiða í lendingarsjóðinn, samkvæmt aflaskýrslum og gangverði á fiski. Skal nefndin þá þegar innheimta gjaldið í peningum eða fiski hjá formanni hvers báts. — Sannist það, að formaður hafi gefið ranga aflaskýrslu, skal hann greiða tvöfalt gjald af öllum aflanum. Gjaldið má taka lögtaki, sje það eigi greitt á rjettum gjalddaga.

4. gr.

Nú verður ágreiningur um upphæð gjaldsins, og skal þá gerðardómur skera úr honum. Gerðardómurinn skal þannig skipaður: Formaður sá, sem eigi vill setta sig við gjald það, sem lendingarsjóðsnefndin hefir ákveðið, tilnefnir einn mann, lendingarsjóðsnefndin annan og sýslumaðurinn í Árnessýslu hinn þriðja, er sje oddamaður. Vilji formaður ekki nefna gerðarmann, kveður sýslumaður 2 mennina.

5. gr.

Þegar nefndin hefir innheimt gjaldið, skal hún þegar afhenda það oddvita sýslunefndar. Gjaldið skal ávaxtast sem sjerstakur sjóður, er nefnist Lendingarsjóður Eyrarbakkaveiðistöðvar. Annast sýslunefndin um, að sjóðurinn sje ávaxtaður á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

6. gr.

Fje sjóðsins skal varið til lendingabóta í Eyrarbakkaveiðistöð og viðhalds þeirra. Sýslunefnd ákveður, eftir tillögum lendingarsjóðsnefndar, hvenær og hve miklu fje skuli varið úr sjóðnum til umbóta og viðhalds leiðum, leiðarmerkjum og lendingu veiðistöðvarinnar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og úrskurðar sýslunefnd reikninga hans.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Árnessýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. september 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.